



Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 26.11. 2021. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Arna Rut Hjartardóttir, Dröfn Sigurðardóttir (fjarverandi), Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir.

Dagskrá

1. Fræðsla um ábyrga nethegðun

Erindið var borið upp af fulltrúum nemenda en þeir hafa áhyggjur af óábyrgri nethegðun hjá unglingum, bæði hér í skólanum og víðar. Þessi hegðun birtist m.a. í slúðursíðum þar sem settar eru fram óviðeigandi athugasemdir um aðra. Mikilvægt er að fræða um ábyrgð og sakhæfi sé farið yfir mörk í þessum samskiptum. Ákveðið var að leita að góðum aðila til að fræða nemendur skólans um þessi mál.

2. Viðhaldsmál

Yfirlit um viðhald lagt fram og kynnt. Ástand húsnæðisins er nokkuð gott en á sl. ári var varið um 40 milljónum í að laga leka sem voru með gluggum. Á næsta ári er reiknað með að verja fjárhæðum í viðgerðir sem tengjast gluggakerfum en veturinn mun leiða í ljós hvernig til tókst. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna viðgerða á næstu árum er áætlaður um 50 milljónir króna, er þar fyrirséður kostnaður vegna þakviðgerða stærsti kostnaðarliðurinn.

3. Skólapúlsinn

Fyrstu mælingar kynntar. Skólinn er að koma vel út þrátt fyrir erfiða tíma. Meðal annars kemur fram að nemendum líði almennt vel í Hraunvallaskóla. Þeir sýna þrautseigju og áhugi á námsgreinum líkt og stærðfræði og náttúrufræði vex. Samband kennara og nemenda kemur líka mjög vel út og agi og virkni nemenda í tímum er góður að mati nemenda.

4. Umbótastarf

Skólastjóri kynnti helstu áherslur í umbótastarfi á þessu skólaári. Umbótaflokkar á þessu á ári eru eftirfarandi: Nám og kennsla, nemendur, ÍSAT skipulag, foreldrar, tómsbundamiðstöð og Fjölgreinadeild. Undir hverjum flokki eru mismargir undirþættir en nám og kennsla er viðamesti flokkurinn. Ákveðinn ábyrgðaraðili er settur fyrir hvert verkefni og tímasett aðgerðaráætlun sett upp með skilgreindum markmiðum. Umbótateymi skólans fundar reglulega yfir skólaárið og farið er yfir stöðu verkefna á fundum. Á milli funda er unnið að umbótaverkefnum eins og lagt er upp með í hverjum flokki.

5. Foreldrasamstarf

Staðan var tekin á foreldrasamstarfi sem er nokkuð snúið um þessar mundir út af covid. Stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnendur voru búin að hittast og gera áætlun um að endurvekja bekkjartenglastarf sem því miður hefur ekki gengið eftir. Rætt var um foreldratöltið sem hefur legið niðri að sama skapi. Skipulagið er klárt en foreldrar hafa ekki verið að bjóða sig fram í verkið.

6. Fundur skólaráðs og nemendaráðs

Ákveðið var að hafa sameiginlegan fund nemendaráðs og skólaráðs í febrúar. Fundurinn verður í Mosanum. Dagskrá ekki tilbúin en rætt var um að báðir aðilar myndu kynna starf sitt og ræða sameiginleg hagsmunamál.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru á þessum fundi.